

Alþingi
Erindi nr. P 140/894
komudagur 12.1.2012

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði
12/01/2012

Umsögn um:

Þingskjal 110 — 110. mál.

Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði fagnar tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að vera sjálfsgöður og eðlilegur hlutur í lýðræðislegu samfélagi. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er mál þar sem þjóðaratkvæðagreiðslu leiðin á einkar vel við. Alda vill þó leggja áherslu og benda á eftirfarandi atriði:

Það er mikilvægt að þjóðaratkvæðagreiðslan sé bindandi en ekki ráðgefandi. Þjóðin er æðsti valdhafi landsins og fer ekki með ráðgefandi vald gagnvart kjörnum fulltrúum sínum.

Einnig er mikilvægt að vel sé staðið að kynningu á efninu og að upplýst umræða fari fram áður en gengið er til kjörborðs. Óháðir aðilar ættu að standa að kynningu svona mála og vill Alda sérstaklega benda á slembival sem aðferð til að velja fulltrúa í óháðar nefndir.

Bestu kveðjur:

Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði



Alþingi
Erindi nr. P 140/896
komudagur 13.1.2012

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

13. janúar 2012

Mál 110

Umsögn um tillögutil þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. 140. Löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 110 - 110. mál.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK eru hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að NATÓ og fagna því þingsályktunartillögu þar að lútandi. MFÍK hafa lengi haldið á lofti þeirri kröfu að bundið verði í stjórnarskrá að Ísland sé her- og vopnalaust svæði, allri aðild aðhernaðarbandalögum verði hætt og landið og miðin lýst kjarnorkulaustsvæði. Þannig geti Ísland á afgerandihátt stuðlað að afvopnun í heiminum.

Áætluð tímasetning atkvæðagreiðslunnar, um mitt ár 2012, þykir stjórn MFÍK nokkuð knappur tími. Fræðsla og málefnaleg umræða er nauðsynlegur undanfari og mikilvæg til að kjósendur nái að taka ábyrga afstöðu á eigin forsendum.

Stjórn Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK

16.1.2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/898
komudagur 16.1.2012

Utanríkismálanefnd

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. 140. Lögjafarþing 2011-2012. Þingskjal 110 - 110. mál.

Samtök hernaðarandstæðinga, áður Samtök herstöðvaandstæðinga, hafa frá stofnun sinni árið 1972 haft það á stefnuskránni að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Nató. Minnt er á að sínum tíma hundsúðu íslensk stjórnvöld sanngjarnar kröfur um að aðildin yrði borin undir dóm þjóðarinnar með almennri atkvæðagreiðslu. Meðal annars var það eina krafa mótmælenda á Austurvelli við inngöngu Íslands í Nató 30. mars 1949.

Þróun Nató á síðustu árum í átt til aukinnar árásargirni og reglubundinnar þátttöku í styrjöldum í fjarlægum löndum eru ný rök fyrir úrsögn Íslands úr bandalaginu. Í þessum styrjöldum hafa liðsveitir Nató gerst sekar um ýmis voðaverk og að margra mati stríðsglæpi, svo sem í Serbíu, Afganistan og nú síðast í Líbíu. Þannig tilkynnti aðalsaksóknari Alþjóðaglæpadómstólsins (ICC) Sameinuðu þjónum þann 2. nóvember 2011 að ástæða væri til að rannsaka ásakanir um stríðsglæpi Nató í Líbíu (Statement to the United Nations Security Council on the situation in Libya, pursuant to UNSCR 1970 (2011) (18. grein) (<http://www.icc-cpi.int/NR/rdonlyres/815C21D1-7756-49BE-A80F-627B5A779104/283927/StatementICCProsecutorLibyaReporttoUNSC021113.pdf>).

SHA fagna því framkominni þingsályktunartillögu og eru sammála efni hennar. Samtökin taka ekki afstöðu til þess hvenær best sé að slík kosning fari fram, en benda á mikilvægi þess að fram fari mikil og málefnaleg umræða um bandalagið og eðli þess.

F.h. Samtaka hernaðarandstæðing

Stefán Pálsson, formaður